

Tollskrá:			Vöru-	Verð-	117
Kafli.	Nr.		magns-	tollur	4. júlí
		Toll-	tollur	%	
		eining	Aurar		
37	1a	Leðurstykki, tilsniðin, en ekki frekar unnin, ót. a., til skógerðar	kg	2	5
39B	4	Plötur, þræðir og stengur, ót. a., úr svampgúmmí, til skógerðar	—	7	2
	4c	Plötur, þræðir og stengur, ót. a., úr öðru en kátsjúki til skógerðar	—	7	2
40	38a	Tréhælar	—	7	8
41	7	Korkvörur til skógerðar	—		2
50	33d	Fóðursólar, kantabönd, tákappaefni o. þ. h. úr yfirdregnum eða samanlimdum vefnaði, til skógerðar	—	7	8
52	32	Skóreimar úr vefnaði	—	7	10
63	39	Járnsaumur til skósmíða (plukkur)	—	2	5
64	10	Skósmíðasaumur úr kopar og koparblöndum .	—	2	5
71	17a	Iljastífur, spennur óskreyttar, skókóssar og annar þess konar smávarningur, ót. a., úr ódýrum málmum, til skósmíða	—	2	10

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, en framangreindar vörur í nr. 50/33d, 63/39, 64/10 og 71/17a skulu undanþegnar innflutningsgjaldi.

Vörur teljast því aðeins til framangreindra númera með þeim lækkuðu gjöldum, sem þar eru ákveðin, að viðtakandi varanna reki skógerð og staðfesti það í aðflutningsskýrslu, að vörurnar verði einungis notaðar til framleiðslunnar.

Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1960.

Gunnar Thoroddsen.

Björn Hermannsson.

AUGLÝSING

um bráðabirgðaskírteini skattstjóra og skattanefnda.

118
8. júlí

Ákveðið hefur verið að bráðabirgðaskírteini þau, sem skattstjórar og skattanefndar hafa gefið út samkvæmt 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, skuli gilda til 31. desember 1960.

Fjármálaráðuneytið, 8. júlí 1960.

Gunnar Thoroddsen.

Kristján Thorlacius.